

VALA VALTÝSDÓTTIR

KYNNING Á FRAMBOÐI



Reykjavík, 19.05.2026

Framboð til stjórnar í Frjálsa lífeyrissjóðnum

Hér með sækist ég eftir kjöri í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ég hef setið í stjórn Lífeyrissjóðs bænda (LSB) frá 2024 til dagsins í dag og verið formaður stjórnar þann tíma. Stjórn LSB setti sér á haustdögum 2024 það markmið að sameina LSB öðrum stærri sjóði. Þessi ákvörðun byggðist að mestu leyti á því að óhagkvæmt er að reka svo lítinn sjóð í ljósi aukinna krafna og þar með aukins kostnaðar á síðustu árum. Nú nýverið var undirritaður samningur um sameiningu LSB við Frjálsa lífeyrissjóðinn og verður samningurinn og þá samningurinn borinn undir sjóðfélaga á ársfundi nú í júní. Ég tel ég mig hafa margt til málana að leggja enda tel ég reynslu mína mikla á þessu sviði þótt ég hafi einungis setið tvö ár í stjórn lífeyrissjóðs. Sú reynsla byggir meðal annars á því að auk venjulegra stjórnarstarfa í slíkum sjóði þá er í mörg horn að líta þegar kemur að sameiningu lífeyrissjóða sem alla jafnan eru ekki venjuleg eða almenn.

Ég hef einnig setið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) frá nóvember 2021. Stuttu eftir að ég tók við stjórnarsetu var ég skipuð formaður Starfskjaranefndar OR og sat þar við þriðja mann. Verkefni stjórnar OR eru mörg og mikilvæg og tel ég mig hafa margt til málana að leggja enda hef ég mikla reynslu og kunnáttu á sviði fyrirtækjareksturs bæði sem stjórnandi og meðeigandi í fyrirtækjum.

Mín sérþekking sem reynslumikill lögfræðingur hefur því reynst vel í stjórnarsetu bæði hjá LSB og hjá OR.

Ég legg mig ávallt fram við að sinna þeim verkefnum sem mér eru falin af fagmennsku og heiðarleika. Ég kem hreint fram og tjái skoðanir mínar á skilmerkilegan hátt og hlusta á skoðanir annarra. Ég hef lært að vinna undir miklu álagi og veit að lykillinn að velgengni er gott skipulag. Ég er mjög skipulögð og á auðvelt með að tileinka mér nýja hluti og vinn hratt og vel. Ég er jákvæð og á auðvelt með að umgangast fólk og hefur ávallt gengið vel að vinna í hóp og er oft falið leiðtogahlutverk hópsins.

Ég hef mjög góða þekkingu á íslensku máli og á auðvelt með að tjá mig í ræðu og riti. Þá hefur oft verið leitað til mín af hálfu fjölmiðla og hef ég komið fram í ýmsum viðtölum á fréttamiðlum.

Ástæðan fyrir því að ég sækist eftir stjórnarsetu í Frjálsa lífeyrissjóðnum er sú að þótt ég hafi setið um skamman tíma í stjórn lífeyrissjóðs þá tel ég mig eftir þessa stuttu setu hafa erindi á þeim vettvangi. Að sitja í stjórn lífeyrissjóðs er ábyrgðarfullt en líka mjög áhugavert.

Ábyrgð stjórnarmanna er mikil og því mikilvægt að innan stjórnar lífeyrissjóðs sé viðamikil og dreifð þekking á mismunandi málefnum. Ég tel að það sé afar mikilvægt að innan stjórnar sé

einstaklingur með viðamikla lögfræðireynslu m.a. sem hefur reynslu á að lesa mikilvæg skjöl út frá lögfræðilegu sjónarmiði og hefur mikla þekkingu á góðum stjórnarháttum.

Ég legg umsókn mína hér með fram ásamt starfsferilsskrá sem er meðfylgjandi.

Meðfylgjandi er ferilsskrá ásamt búsföræðisvottorði og sakarvottorði

Með kærri kveðju

Vala Valtýsdóttir